

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/316****2025/EES/59/17****frá 17. febrúar 2025****um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 og (ESB) 2023/1332 að því er
varðar heiti leyfishafa fyrir fóduraukefnum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 122001, og blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 114044, voru leyfðar sem fóduraukefni (hér á eftir nefnd fóduraukefni sem um er að ræða) með framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 ⁽²⁾ og (ESB) 2023/1332 ⁽³⁾, eftir því sem við á.
- 2) Leyfishafinn fyrir fóduraukefni sem um er að ræða, Roal Oy, hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni leyfishafans fyrir fóduraukefnum sem um er að ræða í AB Enzymes Finland Oy.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á fóduraukefnum sem um er að ræða. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera AB Enzymes Finland Oy kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfa.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 og (ESB) 2023/1332 til samræmis við það.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/316, 18.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/982 frá 17. júní 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 122001, sem fóduraukefni fyrir svín og alifugla (leyfishafi: Roal Oy) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 277/2010, (ESB) nr. 891/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 886/2011 (Stjtið. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 139, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/982/oj).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1332 frá 29. júní 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 114044, sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis og fráfarugrísí (leyfishafi er Roal Oy) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 902/2009 (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 102, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1332/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/982

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/982 er breytt sem hér segir:

- 1) Í titlinum kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.
- 2) Í öðrum dálki viðaukans kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1332

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1332 er breytt sem hér segir:

- 1) Í titlinum kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.
- 2) Í öðrum dálki viðaukans kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.

3. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Fóðuraukefni sem um er að ræða, sem voru framleidd og merkt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir þann dag, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
